

Eimskipafélag Íslands hf.

SIÐAREGLUR

INNGANGUR

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim. Framtíðarsýn félagsins er að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu.

Nafn Eimskips og orðspor er ein verðmætasta eign félagsins sem ber að vernda eins vel og mögulegt er frá degi til dags.

Tilgangur þessara siðareglna er að styðja við hlutverk og framtíðarsýn Eimskips. Þær ná til allra stjórnarmanna og starfsmanna Eimskips og dótturfélaga og leiðbeina þeim við að stýra daglegri starfsemi félagsins með heiðarlegum, ábyrgum og siðferðilegum hætti, byggt á gildum félagsins og almennt viðurkenndum faglegum viðmiðum. Gerð er krafa um að birgjar og undirverktakar viðhafi einnig fagleg vinnubrögð.

Markmið Eimskips er að tryggja góða afkomu fyrir *hluthafa* með arðsömum vexti, skapa verðmæti fyrir *viðskiptavinum* með framúrskarandi lausnum og þjónustu, vera framúrskarandi vinnustaður fyrir *starfsmenn* með öflugri liðsheild og metnaði og hlúa að *samfélagi* með samfélagslegri ábyrgð og minnkandi vistspori.

MANNAUÐUR

Starfsmenn Eimskips, þekking þeirra og færni, er mikilvæg auðlind fyrir félagið. Hópurinn samanstendur af ólíkum einstaklingum sem sinna mismunandi störfum og búa að ólíkri reynslu og þekkingu. Með sameiginlegum gildum og góðri þekkingu byggir hópurinn upp öflugt fyrirtæki og eftirsóknarverðan vinnustað með öflugri liðsheild og metnaði.

Eimskip veitir áreiðanlega flutningaþjónustu þar sem þarfir viðskiptavina eru í fyrirrúmi. Hlutverk starfsmanna er að veita viðskiptavinum og samstarfsmönnum ávallt framúrskarandi þjónustu. Það er gert af alúð og með gildi Eimskips að leiðarljósi.

Gildi

Starfsmenn Eimskips byggja störf sín á gildum félagsins sem eru: *árangur – samstarf – traust*.

Samskipti

Starfsmönnum ber að gæta þess að vera málefnalegir og sanngjarnir í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan félagsins og sýna hver öðrum virðingu. Þeim ber að leggja sig fram um að koma í veg fyrir að hjá Eimskip viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi. Þeir eru virkir þátttakendur í starfi og þróun félagsins með það að markmiði að efla félagið og menningu þess, ásamt liðsheild og ánægju starfsmanna í þroskandi umhverfi sem einkennist af metnaði og gleði.

Notkun á eignum

Eignir Eimskips skal eingöngu nota í þágu félagsins og skulu þær ekki nýttar eða viðskipti höfð með þær til persónulegra hagsbóta. Starfsmenn skulu sýna varkárni við notkun á eignum félagsins og eingöngu nota þær í leyfilegum tilgangi. Þá skulu þeir sýna góða dómgreind við notkun á tækjum félagsins og búnaði, svo sem tölvupósti og samfélagsmiðlum.

Mannréttindastefna

Eimskip virðir mannréttindi. Markmið mannréttindastefnu Eimskips er tvíþætt:

1. Að tryggja mannréttindi starfsmanna Eimskips
2. Að tryggja að Eimskip uppfylli kröfur laga og reglna í mannréttindamálum

Eimskip skuldbindur sig til að fara að öllum gildandi lögum og reglum um mannréttindi sem fjalla um félagafrelsi, nauðungar- og þrælkunarvinna, barnavinna og misrétti á vinnustöðum.

Félagafrelsi

Eimskip virðir rétt starfsmanna til aðildar að stéttarfélagi eða að standa utan stéttarfélags.

Nauðungar- og þrælkunarvinna

Eimskip hafnar og vinnur gegn hvers konar nauðungar- og þrælkunarvinna.

Barnavinna

Eimskip fylgir alþjóðlegum lögum og reglum um lágmarksaldur einstaklinga sem ráðnir eru til starfa. Félagið getur ákveðið að sá aldur geti verið hærri vegna eðlis starfa eða vegna laga í viðkomandi landi.

Misrétti á vinnustöðum

Eimskip hafnar hvers kyns misrétti sem varðar vinnu og starfsval.

Eimskip hefur gefið út ýmsar stefnur varðandi réttindi starfsmanna. Þessar stefnur eru mannauðsstefna, launastefna, jafnréttisstefna, heilsustefna, vinnuverndar- og öryggisstefna og forvarnastefna.

Eimskip hvetur alla starfsmenn til að tilkynna grun um brot gegn mannréttindum innan félagsins.

Eimskip gerir þá kröfu að birgjar og undirverktakar virði mannréttindi.

MARKAÐURINN

Samkeppni og sanngjarnir viðskiptahættir

Eimskip ætlar að styrkja markaðsstöðu sína með framúrskarandi frammistöðu og þjónustu. Félagið trúir á samkeppni með sanngjörnum viðskiptaháttum sem samrýmast viðeigandi samkeppnislögum.

Þjónusta við viðskiptavinum

Eimskip hefur ávallt lagt mikla áherslu á þjónustu við viðskiptavinum og starfsmönnum er ætlað að starfa í samræmi við þjónustustefnu félagsins. Samkvæmt henni veitir félagið alhliða flutningaþjónustu þar sem megináhersla er á þarfir viðskiptavina og framúrskarandi þjónustu með gildi félagsins að leiðarljósi.

Spillingar- og mútumál

Stefna Eimskips er að berjast gegn hvers kyns spillingu og mútum. Félagið og starfsmenn þess leggja sig fram um fylgni við gildandi lög, reglur og viðmið um viðskiptasiðferði og stjórnarhætti á hverjum tíma, forðast hagsmunaárekstra og gæta trúnaðar. Hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir eru heimilaðar. Innra eftirliti og áhættustýringu félagsins er ætlað að koma auga á óeðlilega þætti í rekstri, þar með talið hættu á spillingar- og mútumálum.

Fylgni við lög og reglur

Eimskip skuldbindur sig til að fylgja ávallt gildandi lögum og reglum sem um starfsemina gilda ásamt því að fylgja almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum, leiðbeiningum um viðurkennda stjórnarhætti og eigin reglum félagsins.

Hagsmunaárekstrar

Starfsmönnum ber að forðast að taka ákvarðanir sem skapa hagsmunaárekstra og hafa í heiðri þá reglu að hagsmunir starfsmanna og Eimskips fari saman.

Trúnaður

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu og ber að gæta fyllsta trúnaðar um allt sem þeir verða áskynja í störfum sínum og snertir viðskiptavini og starfsemi félagsins. Þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar í ábataskyni, hvorki fyrir þá sjálfa né aðra.

Gjafir og skemmtanir

Félagið heimilar að boðnar séu og þegnar hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir í tengslum við eðlileg og lögmæt viðskipti. Gjafir og skemmtanir skulu tilkynntar til næsta yfirmanns. Óheimilt er að gefa eða þiggja handbært fé. Viðskiptatengdar ákvarðanir mega undir engum kringumstæðum byggja á gjöfum og þær mega ekki leiða til hagsmunaárekstra.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirliti og áhættustýringu Eimskips er ætlað að lágmarka áhættu á rangfærslum og sviksemi og koma auga á það sem óeðlilegt getur talist í rekstri félagsins, þar með talið hættu á spillingar- og mútumálum.

Vernd persónuupplýsinga

Eimskip virðir þann grundvallarrétt sem felst í vernd persónuupplýsinga einstaklinga og mun fylgja viðmiðum góðra og gegnra aðila á þessu sviði. Eimskip setur sérstaka persónuverndarstefnu um hvernig unnið er með persónuupplýsingar innan félagsins.

Birgjar og undirverktakar

Eimskip ætlast til þess að birgjar og undirverktakar aðhyllist sömu viðmið og starfsmenn félagsins. Félagið notar birgjamat til að meta birgja sína og undirverktaka.

Innherjaupplýsingar og viðskipti með hlutabréf

Eimskip er almenningshlutafélag með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Fjárfestar eiga að hafa jafnan aðgang að upplýsingum um skráð fyrirtæki.

Notkun og birting mikilvægra óopinberra upplýsinga skal vera í samræmi við viðeigandi lög um verðbréfavíðskipti og innherjareglur Eimskips. Viðskipti byggð á innherjaupplýsingum eru stranglega bönnuð. Eimskip tjáir sig ekki um málefni tengd fjárhagslegri afkomu eða væntingum félagsins innan við fjórum vikum fyrir birtingu ársuppgjörs eða milliuppgjöra.

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Eimskip er þátttakandi í UN Global Compact sem er hvati Sameinuðu þjóðanna til samfélagsábyrgðar fyrirtækja og stofnana að því er varðar mannréttindi, vinnumarkað, umhverfi og aðgerðir gegn hvers kyns spillingu. Félagið hefur með þátttöku sinni skuldbundið sig til að haga sínum rekstri þannig að hin tíu grundvallarmarkmið UN Global Compact verði samtvinnuð stefnu félagsins, menningu og daglegri starfsemi. Félagið hefur einnig skuldbundið sig til að tala fyrir UN Global Compact og grundvallarmarkmiðunum tíu þar sem því verður við komið og segja árlega frá því hvernig framkvæmdinni miðar.

Stefna Eimskips um samfélagsábyrgð byggir á Nasdaq ESG Reporting Guide, leiðbeiningum Nasdaq sem gefnar voru út í mars 2017. Þessar valfrjálsu leiðbeiningar leggja áherslu á 33 mælikvarða er lúta að umhverfi, samfélagi og stjórnarháttum (ESG).

Stefna um samfélagsábyrgð

Í yfir 100 ár hefur Eimskip boðið upp á áreiðanlega flutningaþjónustu og framtíðarsýn félagsins er að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip leggur áherslu á sameiginlega verðmætasköpun fyrir hluthafa, viðskiptavini, starfsmenn, samfélag og aðra haghafa.

Umhverfi

Eimskip ber virðingu fyrir umhverfi sínu og leitast við að lágmarka áhrif rekstrarins á lífríki og umhverfi og draga úr vistspori sínu

Samfélag

Eimskip skapar starfsmönnum jöfn tækifæri í öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi og leggur sig fram um að vera góður samfélagsþegn með því að þekkja ábyrgð sína í þeim samfélögum þar sem félagið starfar.

Stjórnarhættir

Eimskip kappkostar að tryggja opin og gagnsæ samskipti á milli stjórnenda félagsins, stjórnar, hluthafa og annarra haghafa.

TILKYNNINGAR UM BROT Á REGLUM

Ef starfsmenn vilja tilkynna grun um brot á siðareglum þessum eða hafi þeir ástæðu til að ætla að almennt sé ekki farið að lögum og reglum þá ber þeim að ræða við sinn næsta yfirmann eða regluvörð Eimskips. Félagið mun ekki líða hefndaraðgerðir í garð einstaklinga sem í góðri trú tilkynna um raunveruleg brot eða grun um brot.

Samþykkt af stjórn 22. febrúar 2018